

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, EBS, BjarnB, GSv, LB, ÓN).

1. 5. gr. falli brott.
2. Við 8. gr. 1. málsl. d-liðar orðist svo: Á eftir 2. málsl. 7. mgr. A-liðar kemur nýr málsl. liður sem orðast svo:
3. Við 10. gr.
 - a. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 4. efnismálsl. b-liðar komi: í næsta mánuði.
 - b. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 7. efnismálsl. b-liðar komi: í næsta mánuði.
4. 11. gr. falli brott.
5. 12. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

 - a. Í stað orðsins „Siglufjarðarkaupstað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Fjallabyggð
 - b. Í stað orðsins „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: Langanesbyggð
 - c. Við 2. mgr. bætist ný málsl. liður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er einnig heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falli úr gildi 1. janúar 2008 skal fara fram álagning tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna alþjóðlegra viðskiptafélaga á árinu 2007.
7. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði 1.–5. gr., c- og d-liðar 7. gr. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði a-, b- og e-liðar 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.